



**Hvað er svona skemmtilegt við safn?**  
Leiðangur fyrir börn og fullorðna í fylgd með þeim

Það er engin ein rétt leið til að skoða safn eða sýningu.  
Það skiptir ekki máli hvar maður byrjar að skoða safn eða sýningu heldur er best að láta áhuga hvers og eins ráða.

### Þú ræður



Gesturinn ræður alltaf ferðinni. Þess vegna er svona gaman að fara á safn.

### Ekki skoða of mikið í einu

Maður þarf alls ekki að skoða allt safnið eða heila sýningu í einni heimsókn. Um að gera að koma frekar oft og skoða minna í einu.

### Það má ekki snerta listaverk – en af hverju



Fingraför geta skemmt lista- verk. Sum efni í húðinni fara ekki vel með listaverk og þess vegna má ekki snerta þau – hvorki börn né fullorðnir. Hins vegar getur gestur á listasafni „snert“ verkið með augunum ef hann horfir nógu vel á það.

### Safnar þú einhverju



Vissir þú að útlenda orðið *museum* er dregið af orðinu *mouseion* í grísku, sem merkir hof fyrir gyðju? Í grískum gyðjuhofum var bæði spáð og spekúlerað. Í íslensku er orðið *safn* skylt sögninni að *safna*. Hverju safnar þú?

## HVAÐ Á ÞETTA AÐ ÞÝÐA?

Hér koma nokkrar orðskýringar sem gætu komið að gagni.

**LISTAVERK:** hlutur eða verk sem listamaður hefur búið til, t.d. gjörningur, innsetning, málverk (máluð mynd), samklipp, skjáverk, skúlptúr (höggmynd eða stytta).

**GJÖRNINGUR:** myndlistarverk sem á sér stað á ákveðnum stað og tíma, flutt fyrir áhorfendur. Samspil myndlistar, leiklistar og tónlistar.

**INNSETNING:** yfirleitt inni í ákveðnu rými (plássi) og áhorfandinn gengur inn í verkið en skoðar það ekki utanfrá.

**MÁLVERK:** tvívítt myndlistarverk sem er málað með pensli á striga með akrýl- eða olíulitum. Kjarval málaði t.d. oft undir berum himni með olíulitum.

**SAMKLIPP (COLLAGE):** aðferð sem m.a. listamaðurinn Erró notar – hann safnar alls konar úrklippum héðan og þaðan sem hann klippir og límir saman á óvæntan hátt. Síðan málar hann eftir þessum vinnuskisum.

**SKJÁVERK:** myndlistarverk sem ýmist birtist á skjá eða er varpað á vegg eða gólf, hreyfist þar og getur tekið mistlangan sýningartíma.

**SKÚLPTÚR:** þrívítt myndlistarverk höggvið í stein eða mótað úr málmi, tré, plasti eða öðru efni sem hægt er að horfa á frá öllum hliðum. Listaverk eftir Ásmund Sveinsson eru skúlptúrar.

